

Tillaga um að stofna starfshóp um útfærslu á nýtingu trjáræktarsvæðis fyrir almenning og fyrirtæki í Kópavogi til eigin kolefnisjöfnunar (mál 1905501).

Greinargerð

Á fundi bæjarráðs 19. maí 2019 var tillaga Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar um trjáræktarsvæði fyrir almenning í upplandi Kópavogs samþykkt af öllum ráðsmönnum. Málinu var vísað til umhverfissviðs til úrvinnslu. Í kjölfarið var hafist handa við að fá tilskilin leyfi frá þar til bærum yfirvöldum en landið er innan þjóðlendu og á vatnsverndarsvæði. Jafnframt var svæðið skilgreint sem skógræktarsvæði í nýju aðalskipulagi 2019-2040, sjá kafla 4.1.12 svæði SK-4 og SK-5.

Í kjölfar beiðni undirritaðrar á fundi skipulagsráðs 29. mars 2021 um tillögur frá garðyrkjustjóra á útfærslu tillögunnar var lagt fram minnisblað hans í bæjarráði þann 27. maí 2021 með samantekt um málið og tillögum um útfærslur á framkvæmdinni gagnvart fjölskyldum, fyrirtækjum og stofnunum.

Nú er óskað eftir því að haldið verði áfram að útfæra framkvæmdahlutann svo hægt verði að bjóða a.m.k. fyrirtækjum og stofnunum í bænum að kolefnisjafna starfsemi sína með skógrækt í upplandi Kópavogs.

Tillagan snýr að því að stofna starfshóp sem vinnur að útfærslumöguleikum á tillögunni í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs. Lagt er til að í starfshópnum sitji garðyrkjustjóri Kópavogs, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Kópavogs, og fulltrúar meiri- og minnihluta í bæjarstjórn. Alls fjórir aðilar. Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri og Kristinn H. Þorsteinsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Kópavogs hafa þegar gefið sitt samþykki ásamt Ásthildi Helgadóttur framkvæmdastjóra umhverfissviðs. Nefndin skili af sér fullbúnum tillögum til þar til bærri nefnda og ráða.

Bergljót Kristinsdóttir